

6./7.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 19.sept. 2023

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð. Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri, Halla Gunnarsdóttir fulltrú starfsfólks Flúðaskóla, Svava Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra. Elma Jóhannsdóttir staðgengill leikskólastjóra Undralands, Valný Guðmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Undralands, Dagný Lilja Birgisdóttir fulltrúi foreldra-boðaði forföll, Vilborg Ástráðsdóttir og Sigrún Björk Gylfadóttir fulltrúar Skeið- og Gnúpverjahrepps og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Fundarstaður: Félagsheimilið Flúðum

Fylgiskjöl:

- a) Erindisbréf skólanefndar(væntanlegt)
- b) Starfsáætlun skólanefndar
- c) Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla
- d) Skýrsla staðgengils leikskólastjóra Undralands
- e) Drög að skólanámskrá Flúðaskóla
- f) Skólanámskrá Undralands
- g) Skólasel
- h) Áætlun um skólaakstur
- i) Fundargerð um samstarf leik og grunnskóla
- j) Punktar vegna úrbóta í kjölfar Skólapúlsins-Flúðaskóli
- k) Úrbótaáætlun í kjölfar Skólapúlsins-Undraland
- l) Skóladagatal leikskólans Undralands

Fundardagskrá

1. Erindisbréf og kjör aðalmanns og varamanns (fylgiskjal a)
2. Starfsáætlun skólanefndar (fylgiskjal b)
3. Skýrsla skólastjórnenda
 - a. Flúðaskóli (fylgiskjal c)
 - b. Undraland (fylgiskjal d)
4. Skólanámskrá Flúðaskóla (fylgiskjal e)
5. Skólanámskrá Undralands (fylgiskjal f)
6. Skólasel-kynning á starfinu (fylgiskjal g)
7. Áætlun um skólaakstur kynnt (fylgiskjal h)
8. Samstarf leik og -grunnskóla (fylgiskjal i)
9. Samstarf grunn og framhaldsskóla
10. Skólapúlsinn, upprifjun og umbótaáætlun fyrir komandi skólaár.
 - a. Undraland (fylgiskjal j)
 - b. Flúðaskóli (fylgiskjal k)
11. Sveitarstjóri og skólastjórnendur kynna áherslur við gerð fjárhagsáætlun.
12. Breyting á skóladagatali Undralands (fylgiskjal l).

6./7.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 19.sept. 2023

1. Erindisbréf og kjör aðlmanns og varamanns

Formaður fór efnislega yfir erindisbréf.

Formaður kom með athugasemd um það hverjir sitja skólanefndarfundi. Að jafn margir fulltrúar séu frá hvorum skóla fyrir sig. Skólastjóri Flúðaskóla, lagði til að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri mæti báðir á skólanefndarfundi. Málið rætt ásamt orðalagi í sambandi við fulltrúa sem mæta á fundi og hverjir mæta á fundi í fjarveru skólastjóra skólanna.

Rætt var um hvort að heiti skólanefndar í erindisbréfi ætti að vera breytt í fræðslunefnd. Ákveðið að taka það fyrir á næsta fundi eftir endurskoðun fundar meðlima.

Erindisbréf verður aftur til umfjöllunar á næsta fundi.

2. Starfsáætlun skólanefndar

Formaður lagði fram starfsáætlun skólanefndar. Á fundum skólanefndar þetta skólaárið, verður meðal annars unnið að innleiðingu skólastefnu Hrunamannahrepps.

Dagskrárliður sem áætlaður var á þessum fundi er frestað til fundar í október, en það er kynning á sérfræðipjónustu. Gunnlaug deildarstjóri skólaþjónustu ásamt Anný deildarstjóra velferðarþjónustu munu koma á skólanefndarfund og kynna fyrir okkur sérfræðipjónustu Skóla og -velferðarþjónustunnar í október.

3. Skýrsla skólastjórnenda

Flúðaskóli

Jóhanna

Skýrsla skólastjóra 13. september 2023

Heildarfjöldi nemenda: 93

Yngsta stig: 30

Miðstig: 16

Unglingastig: 47, þar af Skeið/Gnúp 25

Heildarfjöldi nemenda í skólaakstri frá Hrunamannahreppi eru: 39

Tvítýngdir nemendur eru 20 eða 21,5 prósent

Kennarar 10,7 stöðugildi (13 starfsmenn) þar af eru tveir leiðbeinendur og einn stundakennari í tónmennt (kennir 5 kennslustundir á viku)

4,25 stöðugildi stuðningsfulltrúa (6 starfsmenn) og er hluti af því sem fer í skólaselið

Ekki hefur tekist að fá námsráðgjafa til starfa, sem er mjög miður.

Það sem af er liðið að skóla hefur gengið vel, þrátt fyrir mikla truflun vegna viðgerða á þaki. Oft hefur verið mikill hávaði og óhreinindi. Við höfum þurft að þrengja mjög að okkur og koma okkur fyrir hér og þar vegna þess að okkur vantar 4 kennslustofur, skrifstofur, fundarherbergi og vinnuástöðu. Ýmis gögn eru líka lokuð ofan í kössum. Allt þetta hefur samt gengið upp og má til með að hrósa nemendum og starfsfólki fyrir ómetanlega samstöðu og jákvæðni gagnvart erfiðum aðstæðum.

Sú breyting verður í vetur að skólahjúkrunarfræðingur mun koma hingað í 2 hálfu daga í stað eins heils.

6./7.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 19.sept. 2023

Við höfum gert nokkrar breytingar varðandi nám og kennsluhætti í vetur. Sett hafa verið upp teymi á yngsta- og miðstigi, tveir kennarar saman með 1.-4. bekk og tveir með 5.-7. bekk. Þá er samkenntla þeirra árganga nokkur og kennarar hafa stuðning hver af öðrum.

Þá höfum við breytt föstudagskennslu unglingsstigs í svokallaða „Vörðu“. Vörðunni er ætlað að vera þverfaglegt kennsluform þar sem unnið er í lotum með ýmsum hætti. Að lokinni hverri Vörðu eru skil og á undan hverri nýrri Vörðu er leikjadagur unglings. Varðan leggur áherslu á list- og verkgreinar, upplýsinga og tæknimennt, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, íslensku og lífsleikni. Þrír kennarar eru í teymi vegna Vörðunnar.

Þá munu smiðjur halda áfram, eins og í fyrra, í samstarfi við Reykholt, Laugarvatn og Kerhól en auk þess ætlum við að bæta við smiðjum á miðstig í fjögur skipti með sömu skólum auk Þjórsárskóla.

Undraland

Skýrsla staðgengils

Leikskólinn fer vel af stað og núna er faglegt starf komið á fullt á báðum deildum.

Við vinnum alltaf með ákveðið þema í hverjum mánuði en núna í september er þemað haustið og húsdýrin. Mjög skemmtileg viðfangefni sem við fléttum í nánast allar athafnir dagsins, í málörvun, frjálsan leik, listsköpun, útikennslu og almennu spjalli. Lubba- og vináttustundir eru komnar af stað og hringekjan er byrjuð að rúlla.

Við erum dugleg að upplýsa foreldra um starfið en deildarstjórar senda fréttabréf til foreldra á hverjum föstudegi, í því er farið yfir liðna viku og sagt frá skemmtilegum atburðum og hvað sé á döfnni, fréttabréfinu fylgja skemmtilegar og lýsandi myndir af starfinu. Eins notum við Karellen mikið í samskiptum við foreldra og erum dugleg að setja inn myndir af börnunum.

Í dag erum 39 börn skráð í leikskólanum okkar á tveimur deildum, 9 börn á Grænhól og 30 börn á Hofi. Við höldum áfram að taka á móti nýjum börnum þegar þau hafa náð 18 mánaða aldri.

Við leikskólann starfa núna 13 starfsmenn á deildum, ein í eldhúsi, tvö við þrif og svo eru þrír í leyfi. Í október koma tveir starfsmenn til okkar í 50% stöðu hvor.

Leikskólinn verður full mannaður í október að öllu óbreyttu, fyrir utan sérkennara. Við höfum ekki fengið neina umsókn fyrir sérkennara en ég er tengiliður við Skóla- og velferðarþjónustuna svo sjáum við Auður í sameiningu um að sinna því sem þarf hvað varðar sérkennslu eins og er. Við erum í mjög góðu samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustuna en Sigrún er búin að koma til okkar tvisvar með ráðleggingar, fara yfir tilvísunarlista og fylgjast með nemendum.

Í október er á stefnuskránni að fá námskeið fyrir nýja leiðbeinendur í starfi frá Hrafnhildi Karlsdóttir ráðgjafa eða frá Skóla- og velferðarþjónustunni.

Haustþingið er 29. september og fara allir starfsmenn saman á Hvolsvöll á fyrirlestra og menntabúðir.

Í lok september verðum við með árlegan kynningarfund leikskólans og aðalfund foreldrafélagsins. Það hefur reynst vel að hafa þessa fundi saman. Fundurinn er fyrir foreldra að kynna starfinu, fæ tækifæri til þess að spyrja, spjalla, skoða og fræðast.

6./7.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 19.sept. 2023

Við erum spennnt fyrir haustinu og veturinn leggst vel í okkur.

Elma Jóhannsdóttir

4. Skólanámskrá Flúðaskóla

Jóhanna skólustjóri fór yfir drög að skólanámskrá Flúðaskóla. Drög að skólanámskránni eru til umsagnar hjá kennurum. Uppfæra þarf kafla um haustkynningarfundir. Einnig er verið að uppfæra kafla um skólahjúkrun. Skólustjóri nefndi að betra væri að hafa skólanámskrá og starfsáætlun á dagskrá í fyrsta lagi í október.

Skólanámskrá Flúðaskóla verður til umfjöllunar á næsta fundi skólanefndar í október ásamt starfsáætlun.

5. Skólanámskrá Undralands

Lögð er fram stytta útgáfa af skólanámskrá leikskólans frá apríl 2023, áætlað var á síðasta skólanefndarfundinum að fara í frekari vinnu við skólanámskrá í kjölfarið. Þörf er á að yfirfara skólanámskrá leikskólans, uppfæra þarf meðal annars kafla um skóla og velferðarþjónustu, sérkennslu og skólustefnu. Í skólanámskrá vantar nokkrar upplýsingar t.d. um innra og ytra mat.

Skólanámskrá Undralands verður til umfjöllunar á næsta fundi skólanefndar í október ásamt starfsáætlun.

6. Frístund/skólasel-kynning á starfinu. Jóhanna kynnti reglur og gjaldskrá í Skólasel.

7. Áætlun um skólaakstur kynnt. Jóhanna kynnti fyrir skólanefnd áætlun um skólaakstur.

8. Samstarf leik og grunnskóla

Lögð fram fundargerð stjórnenda leik og-grunnskóla þar sem rætt var um samstarf milli skólanna.

Þar var rætt um að auka samvinnu þegar kemur að stundatöflu íþróttahússins. Rætt var um útikennsluáðstöðu skólanna, sameiginlegur vilji til að bæta útikennsluáðstöðu í skóginum, t.d. rennandi vatn og salernisaðstöðu og útikennsluhús í eða nálægt Kvenfélagsskóginum eða Lækjargarðinum. Stefnt er að því að auka samvinnu og upplýsingaflæði á milli skólastigana, reglulegir fundir. Lagt var til að horft sé til sameiginlegra námskeiða fyrir starfsfólk og fræðslu/fyrirlestra fyrir foreldra. Næsti fundur hópsins um samstarf leik og-grunnskóla var áætlaður 14.september ásamt umsjónarkennurum yngsta stigs.

Skólanefnd telur skref skólanna í átt að frekara samstarf og samtali vera mjög jákvætt og gott að samstarf skólastiganna sé í enn frekari þróun.

9. Samstarf grunn og -framhaldsskóla. Jóhanna sagði frá því hvernig samstarfi Flúðaskóla við framhaldsskóla er háttað.

11. Skólapúlsinn, upprifjun og umbótaáætlun fyrir komandi skólaár.

- a. Undraland. Kynnt var fyrir skólanefnd umbótaáætlun í kjölfar starfsmannakönnunar Skólapúlsins. Áætlunin er lögð fram til kynningar.

6./7.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 19.sept. 2023

b. Flúðaskóli. Punktur vegna úrbóta í kjölfar nemendakönnunar í Flúðaskóla voru kynntir. Lagt fram til kynningar. Gaman er að heyra af nýjum áherslum og þróun í skólastarfinu.

12. Sveitarstjóri og skólastjórnendur kynna áherslur við gerð fjárhagsáætlunar.

Næsti fundur skólanefndar er áætlaður í október en fjárhagsáætlun verður kynnt á skólanefndarfundum í nóvember af sveitarstjóra.

Flúðaskóli: Lögð var áhersla á að huga að skólalóð.

Undraland: Lögð var áhersla á mól og sand á útisvæði.

Verið er að vinna að svæði/palli fyrir utan deild yngstu barna leikskólans sem hægt er að loka af. Það nýtist sem leiksvæði og skjól.

Báðir skólar nefndu að huga þyrfti að betri aðstöðu í Kvenfélagsskógi og Lækjargarði sem nýtist í útikennslu. Málið rætt.

13. Breyting á skóladagatali Undralands.

Haustþing 8.deildar FL var skráð í skóladagatal leikskólans, 20.október. Farið er fram á tilfærslu daga í skóladagatali þar sem Haustþing leikskóla verður sama dag og Haustþing grunnskólakennara þann 29.september næstkomandi. Ánægjulegt er að nú sé Haustþing skólastiganna á sama degi. Skólanefnd vísar málinu til frekari afgreiðslu sveitarstjórnar.

Næsti fundur skólanefndar verður í október þar sem stefnt er að því að Gunnlaug deildarstjóri skólaþjónustu ásamt Anný deildarstjóra velferðarþjónustu mæti og kynni fyrir skólanefnd, sérfræðiþjónustu Skóla og -velferðarþjónustunnar. Dagsetning auglýst síðar.